

Verkfræðingafélag Íslands

Ársskýrsla
starfsárið 2020-2021

Ársskýrsla Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands starfsárið 2020-2021, þ.e. á milli aðalfunda. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli. Stór hluti félagsstarfsins fer fram innan deilda félagsins, nefnda og faghópa. Í þessari ársskýrslu birtast þær skýrslur sem borist höfðu þegar ársskýrslan fór í prentun. Aðrar skýrslur verða lagðar fram á aðalfundi ásamt ársskýrslu þessari.

Stjórn VFÍ 2020-2021

Svana Helen Björnsdóttir, formaður
 Jóhannes Benediktsson, varaformaður
 Anna Beta Gísladóttir
 Hlín Benediksdóttir
 Páll Á. Jónsson, form. Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ
 Birkir H. Jóakimsson, formaður
 Kjaradeildar VFÍ
 Guðrún Sævarsdóttir, varameðstjórnandi

Kjaradeild

Birkir H. Jóakimsson, formaður
 Erlendur Örn Fjeldsted
 Halldór Zoëga
 Helga Helgadóttir
 Margrét Elín Sigvaldadóttir
 Einar Halldórsson, varameðstjórnandi
 Gunnar Sigvaldason, varameðstjórnandi
 Lúvísá Sigurðardóttir, varameðstjórnandi

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Páll Á. Jónsson, formaður
 Bergþór Þormóðsson
 Sigurður Valur Ásbjarnarson
 Davíð Á. Gunnarsson, varameðstjórnandi

Endurskoðendur

Torfi G. Sigurðsson, skoðunarmaður
 Kristjana Kjartansdóttir, skoðunarmaður
 Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi

Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.
 Sigrún S. Hafstein, sviðsstjóri fag- og félagssviðs, staðgengill framkv.stj.
 Aðalheiður Ragnarsdóttir, fulltrúi sjóða
 Guðríður Ó. Magnúsdóttir, bókarí/gjaldkeri
 Hanna Dóra Hjartardóttir, fulltrúi
 Heiðrún H. Þórisdóttir, fulltrúi í móttöku
 Hjörleifur Kristinsson, skrifstofustjóri
 Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir, fulltrúi kjaramála
 Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, fulltrúi kjaramála

Efnisyfirlit	
Ávarp formanns	bls. 3
Áhersla á mennta- og réttindamál	bls. 4
Útgáfumál	bls. 6
Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf	bls. 8
Samstarf innanlands og erlendis	bls. 10
FEANI	bls. 11
Ársreikningur Félagssjóðs 2020	bls. 13
Ársreikningur Verkfræðingahúss SES 2020	bls. 14
Skýrslur deilda, nefnda og faghópa	bls. 16
Atburðir 2020-2021	bls. 23



Ávarp formanns VFÍ

Þegar ég stóð í þessum sömu sporum á síðasta aðalfundi VFÍ óraði okkur fæst fyrir að nú, ári síðar, værum við enn að kljást við erfiðar áskoranir vegna COVID-19 faraldursins. Óvissa hefur ríkt í atvinnumálum en jákvætt er að staða félagsmanna VFÍ er mun betri en almennt er raunin á íslenskum vinnumarkaði. VFÍ gerði tvær kannanir á aðstæðum félagsmanna á tímum COVID-19 og niðurstöður voru um margt jákvæðar; sýndu þrautseigju og aðlögunarhæfni. Við megum þó ekki gleyma því að margir af okkar félagsmönnum hafa staðið frammi fyrir afar erfiðum aðstæðum en VFÍ hefur verið í stakk búíð að veita þeim aðstoð. Hækkun á lögfræðikostnaði á síðasta ári er til marks um þetta.

Fjárhagsleg staða VFÍ og sjóða félagsins er mjög traust. Það ber að þakka að enn eitt árið hefur vel tekist til í rekstri sjóðanna. Sjúkra- og styrktarsjóðir eru mikilvægur bakhjarl félagsmanna, til dæmis í veikindum, og er mikil ábyrgð fólgin í því að reka þá þannig að þeir geti staðið undir hlutverki sínu. Við skulum hafa í huga að á sama tíma berast fréttir af því að sjúkrasjóðir stórra stéttarféлага eru reknir með halla og réttindi hafa verið skert.

Fjölgun félagsmanna VFÍ hefur verið stöðug og jöfn. Það er mjög ánægjulegt þegar ljóst má vera að staða fag- og stéttarféлага hefur að mörgu leyti átt undir högg að sækja í þjóðfélagsumræðunni. Þótt VFÍ sinni sínu hlutverki sem samningsaðili í kjarasamningum með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi er ávallt lögð áhersla á að félagsmenn afli sér upplýsinga um hvað eina sem viðkemur vinnuréttinum þannig að þeir séu betur í stakk búnir að semja sjálfir með dyggri aðstoð starfsmanna félagsins. Samhliða öðlast þeir skilning á mismunandi kjarasamningum og þekkingu á réttindum sínum.

Stjórn VFÍ hefur verið samstíga í verkum sínum og sammála um helstu áherslur. Á starfsárinu var unnið að því að treysta enn frekar samstarfið við háskólana. VFÍ stendur vörð um starfsheitin og því fylgir að vera vakandi yfir gæðum náms í verkfræði og tæknifræði hér á landi. Haldinn var fundur með nemendum í verkfræði í framhaldsnámi erlendis og var markmiðið að fá þeirra sýn á námið hér heima og hversu vel þau væru búin undir að takast á við nýjar áskoranir í erlendum háskólum. Staða stærðfræði- og raungreinakennslu var áfram til umræðu. Sjónarmiðum VFÍ hefur meðal annars verið komið á framfæri með greinaskrifum í blöð. Mér var nýverið boðið að vera frummælandi á menntaráðstefnu um kennslu í náttúrufræði. Yfirskrift erindisins var *Náttúruvísindi – Grunnur að farsælli framtíð*. Þar vísa ég ekki eingöngu til framtíðar einstaklinganna, að þeir séu menntaðir til að skilja og taka upplýstar ákvarðanir fyrir sig og sína í tæknivæddu nútímasamfélagi, heldur ekki síður til framtíðar lífs á jörðinni. Sú framtíð ræðst af ungu kynslóðinni sem þarf að hafa næga þekkingu til að vinna að úrbótum í umhverfis- og loftslagsmálum, heilbrigðismálum, fæðumálum heimsins og öðrum stórum áskorunum sem við blasa. Styttling framhaldsskólans hefur verið til umræðu innan stjórnar VFÍ sem vill beita sér fyrir því að skoðuð verði sérstaklega áhrif styttingarinnar á nám í raunvísindum. Ýmislegt bendir til að náminu hafi hrakað og það komi niður á nemendum sem stefna á háskólanám í raunvísinda- og tæknigreinum.

Rík áhersla hefur verið lögð á að taka þátt í stefnumótun og umræðu í þjóðfélaginu um málefni sem snerta starfsumhverfi og aðra hagsmuni félagsmanna en ekki síst stór samfélagsleg mál. Það er mikilvægt að rödd tæknimenntaðra heyrir sem víðast og tækniþekking sé einn lykilkpátta í stefnumótandi ákvörðunum. Í ársskýrslunni er listi yfir umsagnir félagsins á liðnu starfsári sem flestar voru í gegnum samráðsgátt stjórnvalda en einnig til nefnda Alþingis.

Árið 2019 ákvað UNESCO að 4. mars ár hvert yrði alþjóðlegur *Dagur verkfræði og sjálfbærrar þróunar*. Með þessari ákvörðun var vakin athygli á mikilvægu framlagi verkfræðinnar til sjálfbærrar þróunar og til að takast á við þær miklu áskoranir sem mannkynið stendur frammi fyrir. Markmið þessa dags er einnig að vekja athygli á verkfræðinni sem starfsgrein og hvernig hún felur í sér möguleika á að breyta heiminum til hins betra.

Í júnímánuði 2020 voru 60 ár liðin frá stofnun Tæknifræðingafélags Íslands. Því miður gátum við ekki haldið upp á þennan merka áfanga eins og vera ber en við munum svo sannarlega fá tækifæri til þess síðar á þessu ári. Eitt ánægjulegasta verkefnið á starfsárinu var að minnast þess að 80 ár voru liðin frá upphafi kennslu í verkfræði við Háskóla Íslands. Boðað var til málþings á netinu þar sem þessum áfanga var fagnað.

Þátttaka VFÍ í alþjóðlegu samstarfi, bæði innan norrænna samtaka og Evrópusamtakanna FEANI þar sem ég sit í stjórn, hefur reynst afar gagnleg. Innan FEANI er að ljúka endurskoðun á EUR ING titlinum. Til að fá sem besta innsýn og hvað liggur að baki þessum titli fór ég sjálf í gegnum umsóknarferlið. Vaxandi áhugi er á EUR ING titlinum á Íslandi, sér í lagi meðal þeirra sem hafa hug á að starfa um lengri eða skemmri tíma erlendis.

Í maímánuði 2020 sendu norrænu samtökin ANE norrænu viðskiptaráðherrunum tillögur í tíu liðum til að takast á við áskoranir tengdar COVID-19. Tillögurnar voru í nafni allra félaganna og undirritaðar af formönnum þeirra. Þar er lögð áhersla á norrænt samstarf á sviði grænna orkuskipta, fjárfestingar í nýsköpun og sjálfbærni. Þá marki samtakamáttur og sameiginleg gildi Norðurlöndunum sérstöðu í þeim viðfangsefnum sem framundan eru. Óhætt er að segja að tillögurnar hafi hlotið góðan hljómgrunn.

Eins og áður voru fjölmargir viðburðir á vettvangi félagsins. Félagið fjárfesti í nýjum fjarfunda- og útsendingarbúnaði sem hefur sannað gildi sitt. Stærstu viðburðir félagsins eins og Dagur verkfræðinnar, Fjölskyldudagur verkfræðinnar og afhending Teningsins féllu niður en nú bendir margt til þess að frá og með næsta hausti verðum við aftur komin á fullt skrið og hlökkum til að geta hist í raunheimi.

Hér hefur einungis verið stiklað á stóru í viðburðaríku starfsári VFÍ og við horfum bjartsýn fram á veginn. Það er gefandi að starfa í stjórn félagsins sem er samhuga í hagsmunagæslu fyrir félagsmenn og vill halda mikilvægi tækniþekkingar á lofti. Eitt af því sem þarf að huga að á nýju starfsári er að gera tölfærðilega greiningu á kjörum verkfræðinga og tæknifræðinga í samanburði við aðrar háskólastéttir. Á undanförunum árum hafa orðið breytingar, til dæmis á opinberum og hálfopinberum vinnumarkaði, sem gefa sterklega til kynna að kjaraleg staða ráðgjafa og hönnuða á almennum vinnumarkaði hafi veikst.

Þrátt fyrir allt tel ég að við getum litið björtum augum til framtíðar. Framundan eru spennandi áskoranir og tækifæri sem VFÍ vill takast á við af krafti.

Ég þakka félagsmönnum það traust að vera endurkjörin formaður Verkfræðingafélags Íslands. Á þessum tveimur árum sem formaður hef ég fundið að félagið nýtur bæði trausts og virðingar í þjóðfélaginu. COVID-19 faraldurinn hefur hraðað mjög þeirri tæknibyltingu sem hafin er og nefnd hefur verið fjórða iðnbýltingin. Með henni

eykst sjálfvirknivæðing og úr verður bylting í notkun stafrænna lausna. Þessi þróun er samvinnuð líftækni, umhverfismálum og kröfum um sjálfbærni. Þessar breytingar þýða ekki aðeins tækifæri, heldur fylgja þeim nýjar og áður óþekktar ógnir, t.d. lýðræðisógnir, ógnir gagnvart mannréttindum, heilsu og lífi á jörðinni. Þetta var staðfest í Global Risks Report 2021 sem gefin var út af World Economic Forum í janúar 2021. Verkfræðingafélag Íslands hefur mikilvægu hlutverki að

gegna sem stærsta og öflugasta fagfélag tæknimenntaðra á Íslandi og vettvangur lausnamiðaðrar tækniuræðu.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki og þeim sem hafa starfað í stjórnnum og nefndum félagsins fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu. Einnig þeim sem hafa starfað fyrir félagið á öðrum vettvangi og lagt því lið á margvíslegan hátt.

*Svana Helen Björnsdóttir,
formaður VFÍ.*

Menntamálanefnd VFÍ

Eftir sameiningu VFÍ og TFÍ um áramótin 2016/2017 tók ein menntamálanefnd við af MVFÍ og MTFÍ og nefnist hún Menntamálanefnd VFÍ.

Skipan sameinaðrar nefndar MVFÍ starfsárið 2020-2021:

Steindór Guðmundsson, formaður
Arnlaugur Guðmundsson
Björn Karlsson
Heiða Pálmadóttir
Ingunn Sæmundsdóttir
Jenný Ruth Hrafnadóttir
Jens Arnljótsson
Jóhannes Benediktsson
Ólafur Pétur Pálsson
Þórður Helgason

Umsóknir til félagsins

Eins og undanfarin ár bærust mjög margar umsóknir til félagsins, bæði umsóknir um inngöngu í félagið og um leyfi til að kalla sig verkfræðing eða tæknifræðing.

Með gagnagrunns-forriti sem heldur utan um félagaskrá VFÍ og einnig allar nýjar umsóknir, er m.a. stefnt að því að einfalda störf MVFÍ. Þetta fyrirkomulag auðveldar vinnu við að halda utan um mikinn og

vaxandi fjölda umsókna og eykur skilvirkni í afgreiðslu umsóknanna.

Tvenns konar fundir nefndarinnar eru haldnir: Annars vegar fundar formaður nefndarinnar með starfsfólki skrifstofu VFÍ og þar eru afgreiddar umsóknir þar sem sem lítill eða enginn vafi leikur á niðurstöðu vegna margra fordæma. Þessir „embættismannafundir“ eru haldir tiltölulega þétt þannig að umsóknir sem eru einfaldar í afgreiðslu safnist síður upp. Þetta hefur aukið skilvirkni í afgreiðslu umsókna. Hins vegar er svo öll nefndin boðuð á fundi á um það bil tveggja mánaða fresti, þar sem áhersla er lögð á að afgreiða umsóknir þar sem vafi leikur á hvort skilyrði um inngöngu og/eða skilyrði fyrir því að fá viðkomandi starfsheiti eru uppfyllt. Almennir fundir nefndarinnar á starfsárinu voru fjórir og embættismannafundir voru átta talsins. Þessir fundir hafa ýmist verið á Teams eða í Verkfræðingahúsi.

Umsóknir um ungfélagaaðild voru svipaðar að fjölda og undanfarin ár, en mættu þó gjarnan vera fleiri. Í því samhengi má benda á að nemar í verkfræði og tæknifræði fá að gerast ungfélagar í VFÍ strax við innritun í tæknifræðináms eða verkfræðináms.

Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og eða námsbrautir

Auk þessara formlegu umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitið verkfræðingur bærust Menntamálanefnd VFÍ allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið nám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í langflestum tilvikum var um að ræða fólk í BS –námi í verkfræði eða tæknifræði við Háskóla Íslands eða Háskólann í Reykjavík sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum.

Nýjar reglur um leyfi til að kalla sig tæknifræðing.

Reglur um leyfi til að kalla sig tæknifræðing hafa verið í endurskoðun undanfarin ár. Tillögur nefndarinnar hafa verið sendar ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar, en þær hafa verið sendar til baka með óskum um breytingar. Unnið verður áfram að því að ljúka þessari endurskoðun sem fyrst.

Samskipti við ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar.

Ráðuneytið hefur verið í meiri samskiptum við félagið en mörg undanfarin ár.



Meðal annars til að reka á eftir afgreiðslu umsókna um starfsheiti verkfræðingur og tæknifræðingur sem stundum dregst lengur en tvo mánuði, einkum ef MVFÍ biður um ítarleg gögn um námið, sem oft skila sér seint. Einnig biður ráðuneytið stundum um ítarlegri rökstuðning varðandi umsóknir um starfsheiti, sem MVFÍ mælir með að hafna. Samskiptin við ráðuneytið eru í ágætum farvegi.

Samskipti við Háskólann í Reykjavík

Á starfsárinu var haldinn fundur VFÍ og forsvarsmanna verkfræði- og tæknifræðinámsins í Háskólanum í Reykjavík. Bæði fulltrúar úr stjórn félagsins og meðlimir í MVFÍ tóku þátt í fundinum, sem haldinn var sem Teams-fundur eftir margar frestanir.

Á fundinum kynntu fulltrúar HR kennslu og rannsóknir á tæknisviði skólans og fulltrúar VFÍ gerðu m.a. grein fyrir starfsemi MVFÍ. Kynntar voru reglur um starfsheiti verkfræðingur og tæknifræðingur og vinnu nefndarinnar við mat á umsóknum um þessi starfsheiti. Vakinn var athygli á áhyggjum MVFÍ varðandi nám í hugbúnaðarverkfræði við HR, vegna breytinga á undirstöðugreinum og

einnig því að námið heyrir ekki undir verkfræðideild skólans.

Fyrirhugaðir eru fleiri fundir á þessum sama vettvangi.

Samskipti við nemendur í verkfræðinámi erlendis.

Á starfsárinu var haldinn fundur VFÍ og nemenda í verkfræðinámi erlendis, að frumkvæði formanns VFÍ. Bæði fulltrúar úr stjórn félagsins og meðlimir í MVFÍ tóku þátt í fundinum, sem haldinn var sem Teams-fundur, þar sem nemendur hver í sínu landi tengdust fundinum.

Rætt var við 11 nemendur í Danmörku (DTU), Svíþjóð (KTH), Hollandi (TU Delft), Þýskalandi (TU München), Sviss (ETH Zürich) og Englandi (University College London). Spurt var fjögurra spurninga, en einnig var gefinn kostur á að tjá sig þess utan. Spurningarnar voru þessar:

1. Hvernig nýtist grunnnámið í verkfræði sem tekið var við HÍ/HR ?
2. Hersu góður var undirbúningurinn fyrir framhaldsnám í verkfræði ?
3. Hvernig er nýi háskólinn miðað við HÍ/HR ?
4. Er stefnan að flytja til Íslands eftir námslok ?

Ætlunin er að halda annan fund, einkum með fleiri nemendum sem tekið hafa grunnnámið við HR.

*F.h. Menntamálanefndar VFÍ
Steindór Guðmundsson, formaður.*



Útgáfumál

Útgáfumál

Í upphafi árs 2019 skipaði stjórn VFÍ útgáfustjórn Verktækni – tímarits Verkfræðingafélags Íslands. Verkefni útgáfustjórnar er ritstjórn tímaritsins en einnig áttaksverkefni sem felst í að vinna að því að fá tímaritið skráð í Scopus gagnagrunninn. (www.scopus.com). Fyrsta verkefni hinnar nýju ritstjórnar var að fá erlendan ráðgjafa til að gera úttekt á tímaritinu og stilla upp þeim kröfum sem það þarf að uppfylla til að fá ofangreinda skráningu. Verkefnið hefur tafist vegna Covid-19 en á vormánuðum 2021 verður nýtt vefsvæði, i.e. is, tekið í notkun. Ije vísar í enska heiti tímaritsins, Icelandic Journal of Engineering.

Í febrúar 2021 voru gefnar út á prenti greinar ársins 2020. Tímaritið er prentað í litlu upplagi og því er ekki dreift til félagsmanna. Öll tölu- blöð Verktækni, ritýndar greinar og tækni- og vísindagreinar sem hafa birst í blaðinu, má nálgast á vef VFÍ.

Ritstjórnina skipa eftirtalin:

Dr. Bjarni Bessason, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. Helgi Þór Ingason, prófessor, Háskólinn í Reykjavík.

Dr. Kristinn Andersen, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. María Sigríður Guðjónsdóttir, lektor, Háskólinn í Reykjavík.

Verkefnastjórnun á Íslandi - Saga, staða og framtíð

VFÍ í samstarfi við Verkefnastjórnunarfélag Íslands gaf út rit með þremur ritryndum fræðigreinum um sögu, stöðu og framtíð verkefnastjórnunar á Íslandi. Höfundar eru þeir Helgi Þór Ingason prófessor og forstöðumaður MPM-námsins í HR, Haukur Ingi Jónasson lektor og formaður stjórnar MPM-námsins og Þórður Víkingur Friðgeirsson lektor við HR. Greinarnar birtust áður í Verktækni – Tímariti Verkfræðingafélags Íslands.

timarit.is og aðrir gagnagrunnar

Í gildi er samningur við timarit.is um að allt útgefið efni félagsins sé aðgengilegt á raf-rænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á timarit.is er meðal annars sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélur.

vfi.is

Fyrri hluta árs 2019 lauk uppsetningu á „Mínum síðum“ á vef VFÍ. Þar með varð auðveldara fyrir félagsmenn að fylgjast með réttindum í sjóðum, stöðu umsókna, iðgjaldgreiðslum og öðru er tengist aðild að félaginu og sjóðum VFÍ.

VFÍ er á Facebook, slóðin er:

facebook.com/vfi.1912.

Félagið er einnig á Instagram, verkfrædingafelag.

Rafbílar VFÍ

Í framhaldi af ráðstefnum VFÍ um rafbílavæðinguna var stofnaður hópurinn „Rafbílar VFÍ“ á Facebook. Stöðugt fjölgar í hópnum og þar eru áhugaverðar upplýsingar og umræður um rafbílavæðinguna.

Umsagnir

VFÍ er umsagnaraðili um hin ýmsu málefni. Félagið vill taka þátt í stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku. Umsagnir eru birtar jafnóðum á vef félagsins. Á starfsárinu, þ.e. frá maí 2020 til loka apríl 2021 veitti félagið umsagnir um eftirfarandi:

Áform um ný lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlaða mál nr. 243/2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2. útg, 119/2020.

Drög að frumvarpi um hálendisþjóðgarð, 317/2019.

Frumvarp til laga um hálendisþjóðgarð, 369/2021.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd (málsmeðferð o.fl.).

Tillögur verkefnishóps um breytingar á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, 145/2020.

Siðanefnd VFÍ

Í lögum Verkfræðingafélags Íslands (19. grein) segir þetta:

Siðanefnd skal starfa í félaginu. Hlutverk hennar er að láta í ljós álit um ágreining, sem rísa kann vegna ætlaðs brots á siðareglum félagsins og halda siðareglum Verkfræðingafélags Íslands á lofti meðal félagsmanna. Nefndin kemur saman tvisvar á ári og oftast ef tilefni er til. Siðanefnd starfar óháð stjórn félagsins og ákveður hvernig álit nefndarinnar er komið á framfæri. Í Siðanefnd eiga sæti þrjú fastafulltrúar skipaðir af stjórn VFÍ til tveggja ára. Stjórn VFÍ skipar formann. Í hverju máli skipar stjórn VFÍ tvo fulltrúa til viðbótar til að fjalla um þetta einstaka mál. Við val í nefndina skal leitast við að hafa a.m.k. einn fulltrúa háskólasamfélagsins og einn fulltrúa almenna markaðarins. Við vanhæfi einstakra stjórnarmanna og í sérstökum kærumálum getur stjórn VFÍ, að ósk formanns Siðanefndar, skipað fleiri til starfa í Siðanefndinni. Nefndinni er skipaður ritari úr hópi starfsmanna VFÍ.

Hákon Ólafsson er formaður nefndarinnar og Guðrún A. Sævarsdóttir er fulltrúi háskólasamfélagsins. Þá er Eiríkur Þorbjörnsson fulltrúi almenna markaðarins. Nefndin fundaði ekki á starfsárinu og vinna við endurskoðun starfsreglna nefndarinnar frestaðist vegna Covid-19.

Engin mál bárust Siðanefnd VFÍ á starfsárinu 2020-2021.

Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, 73/2021.

Drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, 202/2020.

Frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, 322/2021.

Viðmiðunarstundaskrá grunnskóla – til laga að breytingu, 160/2020.

Drög að frumvarpi til laga um loftferðir, 220/2020.

Stefna Íslands um gervigreind, upplegg og áherslur, 64/2021.

Flest þessi mál voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda en að auki leita ýmsir aðilar álit félagsins í málum sem talið er að varði hagsmuni félagsmanna og samfélagsins í heild.

Ritröð VFÍ

Á 90 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands var ákveðið að ráðast í útgáfu ritraðar sem lyki með útgáfu á sögu VFÍ á hundrað ára afmæli félagsins 19. apríl 2012.

Í ritröðinni eru átta bækur:

- Frumherjar í verkfræði á Íslandi. (2002)
- Afl í segulæðum. Saga rafmagns á Íslandi í 100 ár. (2004)
- Í ljósi vísindanna. Saga hagnýtra rannsókna á Íslandi. (2005)
- Brýr að baki. Brýr á Íslandi í 1100 ár. (2007)
- Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár. (2008)
- Verkin sýna merkin. - Saga framkvæmda og verktakastarfsemi á Íslandi. (2009)
- VFÍ í 100 ár. – Saga Verkfræðingafélags Íslands. (2012)
- Alþjóðaheilbrigðismál – Ísland til áhrifa (2016)

Verkefnastjórnun á Íslandi

Saga, staða og framtíð verkefnastjórnunar á Íslandi

Verkfræðingafélag Íslands
Verkefnastjórnunarfélag Íslands

Project Management in Iceland.
History, status and future of project management in Iceland

The Association of Chartered Engineers in Iceland
Project Management Association in Iceland

vsvf Verkefnastjórnunarfélag Íslands



Verkfræðingafélag Íslands



Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og námskeiða voru haldin á vegum félagsins á starfsárinu og listinn á bls. 26 og 27 er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. COVID-19 faraldurinn setti vissulega strik í reikninginn og fresta varð stórum viðburðum eins og Degi verkfræðinnar og Fjölskyldudegi verkfræðinnar. Áður en Covid skall á af fullum þunga var hafinn undirbúningur að því að kaupa nýjan og fullkominn útsendingabúnað í fundasal VFÍ sem hefur reynst vel í þessu fordæmalausa ástandi. Viðburðir voru ýmist í vefútsendingu eða sem fjarfundir á Teams og Zoom.

Dagur verkfræðinnar

Dagur verkfræðinnar átti að vera 27. mars 2020 á Hilton Reykjavík Nordica en var frestað til haustsins. Enn skall á Covid bylgja og úr varð að þessi stærsti viðburður í starfsemi VFÍ var endanlega blásinn af. Dagur verkfræðinnar verður haldinn 22. október 2021 á Reykjavík Hilton Nordica.

Dagur verkfræðinnar hefur verið haldinn fimm sinnum og hefur aðsóknarmet verið slegið á hverju ári hingað til. Markmiðið með viðburðinum er að kynna verkfræðina, spennandi störf og verkefni á því sviði og ekki síst efla tengsl og samheldni meðal íslenskra verkfræðinga og tæknifræðinga.

Ný viðurkenning – Teningurinn

Teningurinn er ný viðurkenning VFÍ sem átti að afhenda í fyrsta sinn á Degi verkfræðinnar 2020. Nú hefur verið ákveðið að á Degi verkfræðinnar 2021

verða afhentar viðurkenningar fyrir verkefni árána 2019 og 2020. Markmið viðurkenningarinnar er að vekja athygli á vel útfærðum og áhugaverðum verkefnum sem verkfræðingar og tæknifræðingar vinna að.

Fjölskyldudagur verkfræðinnar

Fjölskyldudegi verkfræðinnar 2020 var aflýst vegna Covid-19. Ráðgert er að taka upp þráðinn í ágústmánuði 2021. Fjölskyldudagur verkfræðinnar er haldinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal í samstarfi við Vísindasmiðju Háskóla Íslands.

Rýnisferðin 2020

Covid-19 hafði vitaskuld áhrif á áform um Rýnisferðina 2020 til Lissabon. Ferðanefndin hefur samt ekki slegið slöku við og undirbýr ferð á heimssýninguna í Dubai 2022. Rýnisferðir hófust á vegum Tæknifræðingafélags Íslands árið 1998. Ferðirnar hafa notið mikilla vinsælda frá upphafi.

Heimsóknir í skólana

Á hverju hausti kynna forsvarsmenn VFÍ fyrsta árs nemum í verkfræði starfsemi félagsins. Einnig er það fastur liður að halda hádegisfundi í skólunum þar sem nemendum er boðið upp á hressingu um leið og þeir fá kynningu á félaginu. Þeim sem lengra eru komnir í verkfræðináminu er boðið í heimsókn í Verkfræðingahúsið í svokallaðar „vísindaferðir“. VFÍ á einnig gott samstarf við kappaksturslið háskólanna og er styrktaraðili þeirra. Annað hvert ár

heimsækir VFÍ nemendur í Danmörku og hafa þeir fundir verið mjög vel sóttir.

Á vormánuðum 2020 var haldin kynning fyrir nema sem voru um það bil að ljúka BS eða MS gráðu í verkfræði eða tæknifræði. Geirlaug Jóhannsdóttir ráðgjafi hjá Hagvangi flutti fyrirlestur um vinnumarkaðinn, ráðningarsamninga og ferilskrár. Kynningin var mjög vel sótt og greinilegt að grundvöllur er að gera slíkar kynningar að föstum lið í starfsemi VFÍ.

VerkTækni golfmótið

Árlegt golfeinvígi verkfræðinga og tæknifræðinga, VerkTækni golfmótið, var haldið á Garðavelli á Akranesi 28. ágúst. Háð var golfeinvígi milli verkfræðinga og tæknifræðinga þar sem fimm bestu skor töldu á forgjafar. Einnig var keppt í flokki félagsmanna VFÍ annars vegar og gesta og maka hins vegar. Að þessu sinni bar sveit verkfræðinga sigur úr bítum.

Námssjóður J.C. Möller

Námssjóður J.C. Möller frá 6. október 1938, hefur úthlutað styrkjum til efnilegra íslenskra stúdenta, sem stunda nám, eða ætla sér að stunda nám í tækniháskóla á Norðurlöndum. Styrkurinn er þó sérstaklega ætlaður þeim sem stunda, eða ætla sér að stunda nám í rafmagnsverkfræði og þá einkum þeim er stunda, eða ætla sér að stunda nám í Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn. Ekki var úthlutað úr sjóðnum á árinu.



Glæsileg aðstaða

Aðal fundasalurinn í Verkfræðingahúsi hefur verið vel nýttur. Félagsmönnum stendur til boða að taka salinn á leigu fyrir fundi og mannfagnaði og hefur það mælst vel fyrir enda er salurinn glæsilegur og aðstaðan eins og best verður á kosið.

Félagsskírteini

Á árinu 2017 gerði VFÍ samning við Íslandskortið um útgáfu á rafrænu félags-

skírteini. Marvíslegir afslættir fylgja notkun kortsins og eru upplýsingar á Íslandskortid.is þar sem afsláttarkjör eru uppfærð reglulega.

Kannanir: Staða félagsmanna á tímum Covid-19

Í júnimánuði og nóvember 2020 lét VFÍ gera könnun á líðan og stöðu félagsmanna á tímum Covid-19. Rannsóknarfyrirtækið Maskína sá um framkvæmd kannananna fyrir hönd félagsins. Í könnuninni í nóvem-

ber var einnig spurt um starfsumhverfi og starfsaðstæður og var það hluti af samnorrænni könnun sem sænska verkfræðingafélagið hafði forgöngu um að yrði gerð á vegum ANE (Association of Nordic Engineers). Niðurstöður kannananna voru birtar á vef VFÍ, í frétt dags. 7. ágúst 2020 og 11. febrúar 2021.



Betur fór en á horfðist þegar kveikt var í sorpgeymslu við Verkfræðingahús.

Samstarf innanlands og erlendis

Félagafjöldinn

Í lok árs 2020 voru félagsmenn í Verkfræðingafélagi Íslands 4.798. Konur voru 19,4% félagsmanna. Skrifstofa VFÍ veitir einnig félagsmönnum í Stéttarfélagi tölvunarfræðinga og Stéttarfélagi byggingarfræðinga þjónustu.

Samstarf við HÍ og HR

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Samstarfið við skólana er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í verkfræði og tæknifræði hér á landi. VFÍ hefur veitt viðurkenningar fyrir lokaverkefni nemenda í tæknifræði og fyrir veggspjaldakynningar verkfræðinema í HR. Unnið er að því að móta nýjar reglur fyrir viðurkenningarnar þannig að veitt verði sambærileg verðlaun til nemenda í verkfræði og tæknifræði í báðum háskólum. Eins og með annað í starfsemi VFÍ þá hafði Covid-19 áhrif á þessi verkefni í starfsemi félagsins.

Kynningarfundir og vísindaferðir fyrir nema eru fastur liður og var reynt að halda slíkum

tengslum eins og mögulegt var. Nemendur eru yfirleitt áhugasamir um starfsemi VFÍ og vilja gjarnan fá tækifæri til að ræða ýmislegt sem varðar námið og hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

Stjórn og Menntamálanefnd VFÍ (MVFI) átti rafrænan fund með fulltrúum Háskólans í Reykjavík. Á fundinum voru kynntar námsleiðir sem boðið er upp á innan Iðn- og tæknifræðideildar, Verkfræðideildar og Tölvunarfræðideildar. Farið var yfir stefnu, markmið og framtíðarsýn í starfsemi skólans. Einnig var kynnt rannsóknastarf innan skólans sem er mjög öflugt. Fulltrúar VFÍ gerðu grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru vegna lögverndaðra starfsheita og sýn félagsins á gæði og kröfur í verkfræði- og tæknifræðinámi.

Fundur var haldinn á Teams með völdum hópi nemenda í verkfræði sem eru í framhaldsnámi í útlöndum. Markmiðið var að fá yfirsýn yfir hvernig þau telja sig hafa verið undirbúin úr námi hér heima.

Verkfræðinám við HÍ 80 ára

19. október 2020 voru 80 ár liðin frá því að kennsla hófst í verkfræði við Háskóla Íslands. Af því tilefni var haldin málstofa á

vegum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ. Meðal frummmælenda var Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ.

Samstarf við Vísindasmiðju HÍ.

Verkfræðingafélags Íslands og Vísindasmiðja Háskóla Íslands vinna saman að því að efla áhuga ungs fólks á vísindum, tækni og nýsköpun. Samstarfssamningur var fyrst undirritaður í mars 2018 og var þar áhersla á fræðslufni fyrir kennara og nemendur um forritun.

Vísindasmiðjan hefur haldið námskeið í tækjaforritun fyrir börn félagsmanna VFÍ á aldrinum 11 – 16 ára, bæði í Reykjavík og hjá landshlutadeildum. Samstarfssamningurinn gerir einnig ráð fyrir að Vísindasmiðjan taki þátt í Fjölskyldudegi verkfræðinnar.


Endurmenntun- samstarf við EHÍ

Verkfræðingafélag Íslands hefur frá upphafi verið aðili að Endurmenntun HÍ (EHÍ) og er því heiðursstarfsaðili. Í september 2009 var skrifað undir formlegan samstarfssamning VFÍ og Endurmenntunar HÍ. Markmiðið var að auka framboð á námskeiðum, vinna saman að kynningu þeirra og efla tengsl skrifstofu félaganna við Endurmenntun HÍ.

Endurmenntun HÍ hefur boðið félagsmönnum valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að halda námskeið á vegum landshlutadeildanna. VFÍ greiðir þá ferðakostnað fyrirlesara og gistingu ef þarf. Þannig er unnt að bjóða námskeiðin á sömu kjörum og hjá EHÍ í Reykjavík.

Í febrúar 2021 stóðu VFÍ, Endurmenntun HÍ og Hringbrautarverkefnið að tveimur hádegisfundum um stöðu framkvæmda við Nýja Landspítalann. Ráðgert er að halda fleiri slíka fundi um þetta umfangsmikla verkefni.

Fjöldi félagsmanna VFÍ í ársbyrjun 2011 - 2021



Norðurlandasamstarf

ANE - Association of Nordic Engineers

Verkfræðingafélag Íslands varð aðili að ANE í upphafi árs 2018. ANE er samstarfsvettvangur félaga verkfræðinga og tæknifræðinga á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og öðru af tveimur félögum í Noregi. Í dag eru um 500 þúsund félagsmenn í aðildarfélögum ANE.

ANE vinnur að því að auka sýnileika og áhrif verkfræðingastéttarinnar. Í gegnum ANE miðla félögin þekkingu sín á milli og vinna að ákveðnum verkefnum. Af nýlegum verkefnum má til dæmis nefna verkefni á sviði siðferðis og gervigreindar, sjálfbærni, hæfnipróunar og upplýsingagjöf um mikilvægi rannsókna og nýsköpunar.

Á vef ANE, www.nordicengineers.org og á Twitter eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.

Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Einnig hefur félagið í Eistlandi fulla aðild að Nording. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórar félaganna.

Tólf félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 500 þúsund. Meðal verkefna Nording er samræming á stefnu félaganna í Evrópusamstarfi og að koma fram fyrir hönd félaganna gagnvart Evrópusambandinu og stofnunum þess.

Á ársfundum NORDING bera forsvarsmenn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnumarkaði og helstu verkefni hvers félags. Augljóst er að félögin glíma við sömu áskoranir vegna COVID-19 faraldursins. Öll hafa þau þurft að veita félagsmönnum umtalsverða aðstoð vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði og stærstur hluti funda og námskeiða hefur færst yfir á Netið. Nokkur félaganna hafa gert sambærilega könnun og VFÍ og eru niðurstöður að langstærstum hluta sambærilegar milli landa.

Á vettvangi ANE og NORDING hefur VFÍ talað fyrir því að sameina kraftana undir merkjum ANE og finna leiðir til að öll félög tæknifræðinga og verkfræðinga á Norðurlöndunum taki þátt í því starfi.

Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gestaaðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til

níu norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga auk VFÍ.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í sex ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu, á Íslandi VFÍ, eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftirlaunapega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

Íslandsnefnd FEANI

Verkfræðingafélag Íslands er aðili að FEANI, Evrópusamtökum verkfræðingafélaga og tæknifræðingafélaga. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og Íslandsnefnd FEANI starfar á vegum VFÍ. Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ situr í aðalstjórn FEANI og Steindór Guðmundsson formaður MVFÍ er formaður Íslandsnefndar FEANI.

Ársfundur FEANI 2020

Fyrirhugað var að ársfundur FEANI 2020 yrði haldinn föstudaginn 9. október í Berlín, en vegna COVID-19 takmarkana var ársfundurinn haldinn sem fjarfundur á Netinu. Í tengslum við ársfundinn var fundur landsnefndanna: „National Members Forum (NMF)“, haldinn fyrir hádegi og ársfundurinn eftir hádegi. Í Verkfræðingahúsi komu saman þrjú fulltrúar VFÍ sem tóku þátt í báðum þessum fjarfundum. Það voru Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ, Steindór Guðmundsson formaður MVFÍ og formaður Íslandsnefndar FEANI og Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri VFÍ.

Á fundi NMF var m.a. sagt frá starfi þriggja landsvæða-hópa NMF, sem eru FEANI North, FEANI South og FEANI Central. Einnig var fjallað um hópastarf þriggja vinnuhópa innan FEANI, sem eru a) STEM (Science, Technology, Engineering, Mathematics), b) Sustainability og c) E4E (Engineers for Europe). FEANI North heldur tvo fundi á ári og voru báðir fjarfundir, sá fyrri var 20. mars 2020 sem Svana Helen sótti og sá seinni var 25. september 2020 og hann sóttu þau Svana, Steindór og Árni.

Ársfundurinn var svo haldinn eftir hádegi 9. október eins og fyrr segir. Fundinn sóttu 98 fulltrúar 30 þjóða af 32 þjóðum alls í upphafi fundar. Kasakstan og Tyrkland mættu ekki og hafa ekki

Aðalfundur FEANI er haldinn í september eða október á hverju ári í einhverju aðildarlandanna, sem eru nú 33 talsins. Finnland hætti þátttöku í FEANI 2019 en Ungverjaland kom inn aftur eftir nokkurra ára hlé 2020. Auk þess hafa tvö lönd til viðbótar verið með aukaaðild, og það þriðja, Angóla, bættist við á ársfundinum. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera rúmlega 3,5 milljónir (verkfræðingar og tæknifræðingar). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðurkennir FEANI opinberlega sem fulltrúa verkfræðinga- og tæknifræðingastéttanna í Evrópu. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundinn á hverju ári. Nánari upplýsingar um FEANI má fá á heimasíðu samtakanna: www.feani.org

greitt árgjald fyrir 2020. Þrjú önnur lönd hafa greitt hluta árgjaldsins og tvö þeirra lofuðu að greiða það sem eftir var fyrir áramót, svo þau fengu undanþágu til að taka þátt í ársfundinum og leyfi til að greiða atkvæði. Samþykkt var endurinnnganga Ungverjalands sem kemur inn eftir nokkurra ára hlé og einnig var samþykkt aukaaðild Angóla. Á fundinum var kosinn nýr forseti FEANI, sem er Ralph Appel frá Þýskalandi. Nýr varaforseti FEANI var kosinn Trond Markussen frá Noregi. Svana Helen og tveir aðrir stjórnarmenn áttu að sitja áfram en fjórir aðrir stjórnarmenn voru á fundinum kosnir til þriggja ára. Samtals eru níu í stjórninni, þrjú frá hverjum landsvæða-hópi. Frá FEANI North sitja í stjórninni Svana Helen, Trond Markussen og einnig Paul Coughlan frá Bretlandi.

Í lok ársfundarinnar bauð Þýskaland til Berlínar 17.-19. júní 2021 á auka-ársfund FEANI, en síðan hefur komið í ljós að sá fundur verður einnig fjarfundur vegna COVID-19 veirunnar. Þá hefur Þýskaland í þriðja sinn boðið FEANI til Berlínar til ársfundar, stefnt er að því að halda ársfundinn dagana 7.-8. október.

Næstu fundarstaðir eftir það eru áætlaðir Kiev 2022 og Cannes 2023.

*F.h. Íslandsnefndar FEANI
Steindór Guðmundsson, formaður.*



Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Félagssjóðs Verkfræðingafélags Íslands fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr. 1-13.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér greinargerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild.

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn Verkfræðingafélags Íslands, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 84.2 mkr. en rekstrartekjur námu tæpum 258.9 mkr.

Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu rúmum 384,3 mkr. en heildarskuldir tæpum 23.5 mkr. á sama tíma.

Eigið fé var því jákvætt um tæpar 360.9 mkr. í árslok. Veltufjármunir í árslok voru tæpum 260.9 mkr. hærri en skammtímaskuldir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess hinn 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu,

í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningskilavenju og að í honum komi fram allar þær upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli.

*Reykjavík, 16. apríl 2020.
Kristinn Gestsson, löggiltur
endurskoðandi.*

*Reykjavík, 27. apríl 2021.
Torfi G. Sigurðsson.
Kristjana Kjartansdóttir*

Ársreikningur félagssjóðs VFÍ 2020

Rekstrarreikningur

	2020	2019
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	155.141	149.631
Félagsgj. stéttarf -byggingar- og tölvunarfræðinga	31.618	26.481
Umsýslugjöld	72.134	66.537
Rekstrartekjur alls	258.893	242.649
<i>Rekstrargjöld</i>		
Laun og launatengd gjöld	87.572	92.316
Húsnæðiskostnaður	18.627	17.732
Aðkeypt þjónusta	3.537	4.356
Þjónustusamningar	2.705	2.424
Skrifstofukostnaður	10.568	10.158
Stjórnarlaun-samninganefndir	2.131	2.030
Rekstrargjöld alls	125.140	129.016
Rekstrarafgangur/tap af aðalstarfsemi	133.753	113.633
<i>Aðrar tekjur og gjöld</i>		
Útgáfumál og vefumsjónarkerfi	4.301	4.900
Félagakerfi, vél- og hugbúnaður	15.539	13.192
Húsbúnaður	2.292	864
Fundir, ráðstefnur og kynningarstarf	4.063	12.884
Innlent og erlent samstarf	4.070	11.940
Kjarakannanir og námskeið	3.918	2.146
Sérfræðiþjónusta við félagsmenn	16.002	10.778
Önnur verkefni	2.666	4.870
Aðrar tekjur og gjöld alls	52.851	61.574
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	80.902	52.059
<i>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur og verðbætur	4.660	7.967
Fjármagnstekjuskattur	-1.025	-1.753
Vaxtagjöld / bankakostnaður	-308	-281
	3.327	5.933
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	84.229	57.992

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2020

	2020	2019		2020	2019
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir	0	0	Eigið fé:		
			Óráðstafað eigið fé	360.876	278.788
Veltufjármunir:			<i>Skuldir:</i>		
Skammtímakröfur	15.543	38.179	Skammtímaskuldir	23.473	23.898
Handbært fé:	368.806	264.507			
Samtals eignir	384.349	302.686	Samtals skuldir og eigið fé	384.349	302.686

Ársreikningur Verkfræðingahúss SES 2020

Skýrsla stjórnar Verkfræðingahúss ses vegna ársins 2020

Á árinu voru haldnir fjórir stjórnarfundir.

Í lok árs voru samþykktar starfsreglur styrktarsjóðsins og er megininntak þeirra að úthlutað verður tvenns konar styrkjum A og B. Þannig verða styrkir sem tilheyra A flokki fyrst og fremst til handa þeim sem halda í framhaldsnám, t.d. doktorsnám og styrkir í B flokki eru hugsaðir sem vísinda- og rannsóknarstyrkir. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort úthlutað verði til beggja

flokka hvert ár eða ekki. Enn er stefnt að úthlutun á seinni hluta ársins 2021.

Samþykkt hefur verið að ráðast í verulegar framkvæmdir á árinu 2021. Nú hefur verið settur upp rafhleðslustaur með tveimur tengjum fyrir rafmagnsbifreiðar. Þá verða gerðar verulegar endurbætur á anddyri hússins. Meðal annars verða settar upp sjálfvirkar hurðir til að bæta aðgengi að húsinu.

Aðfararnótt 4. nóvember 2020 kom upp eldur í ruslageymslum Verkfræðingahúss eftir íkveikju sem tókst að slökkva

tiltölulega fljótt og forða meira tjóni en varð. Tryggingafélag hússins ber kostnað af þeim endurbótum sem fara varð í eftir brunann en ákveðið var að auka forvarnir og þar með talið brunavarnir samhliða framkvæmdum eftir brunann.

Rekstrarafkoma ársins 2020 var álíka og árið áður eða hagnaður um 15 m.kr. á húseign sem skilar 32,0 m.kr. í leigutekjur árlega. EBITDA félagsins var gott eða um 68% af veltu og arðsemi eiginfjár 3,3% af eigin fé sem nemur um 470 m.kr. Líklegt er þó að fasteignin sé mun meira virði enda er brunabótamat 518 m.kr. og staðsetning mjög góð í miðri Reykjavík. Þessi ávöxtun er lág samanborið við ávöxtun lífeyrissjóðanna og annarra sjóða sem fjárfesta á verðbréfamarkaði og nær ekki að halda í við verðlagsbreytingar. Skuldir stofnunarinnar voru engar um áramótin. Á árinu 2020 var unnið að viðhaldsframkvæmdum fyrir um 4,1 m.kr. samanborið við 3,7 m.kr. árið á undan. Í sjóði voru um 36 m.kr. um áramótin sem að stórum hluta verða nýttar til nauðsynlegra framkvæmda á þessu ári á sama tíma og hugað er að styrkveitingum. Stjórn stofnunarinnar þakkar Verkfræðingafélagi Íslands fyrir gott samstarf og leigjendum hússins fyrir skilning þegar kom að breytingum á leigusamningum.

Reykjavík 19. apríl 2021.

F.h. stjórnar Verkfræðingahúss SES.

Agnar Kofoed-Hansen, formaður.

Vífill Oddsson.

Jóhanna H. Árnadóttir.

Varaméðstjórnendur:

Eva Yngvadóttir.

Albert Guðmundsson.

Rekstrarreikningur Verkfræðingahúss ses 2020

	2020	2019
<i>Rekstrartekjur</i>		
Húsaleiga	32.057	30.843
Rekstrartekjur alls	<u>32.057</u>	<u>30.843</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Rekstur fasteignar	7.587	7.649
Framlag til samrekstrar	1.794	1.709
Annar kostnaður	975	453
Rekstrargjöld alls	<u>10.356</u>	<u>9.811</u>
Hagnaður/tap án fyrninga og fjármagnsliða	21.701	17.311
Fyrningar	-6.997	-6.867
Fyrningar alls	<u>-6.997</u>	<u>-6.867</u>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	14.704	14.165
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	256	161
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	<u>14.960</u>	<u>14.326</u>

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2020

	2020	2019		2020	2019
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir:			Eigið fé:		
Engjateigur 9	439.174	431.010	Óráðstafað eigið fé	445.215	422.090
Fastafjármunir alls	<u>439.174</u>	<u>431.010</u>	Fyrningarsjóður fasteignar	28.746	25.900
			<i>Eigið fé alls</i>	<u>473.961</u>	<u>447.990</u>
Veltufjármunir:			Skuldir:		
Skammtímakröfur	1.344	54	Skammtímaskuldir	2.645	0
Handbært fé	36.088	16.926	Skuldir alls	<u>2.645</u>	<u>826</u>
Veltufjármunir alls	<u>37.432</u>	<u>16.980</u>			
<i>Samtals eignir</i>	<u>476.606</u>	<u>447.990</u>	<i>Samtals skuldir og eigið fé</i>	<u>476.606</u>	<u>447.990</u>

Ársskýrsla KVFÍ 2020

Stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Birkir H. Jóakimsson, formaður
Erlandur Örn Fjeldsted
Halldór Zoega
Helga Helgadóttir
Margrét Elín Sigurðardóttir

Varamenn í stjórn KVFÍ:

Einar Halldórsson
Gunnar Sigvaldason
Lúvísu Sigurðardóttir

Stjórn Kjaradeildar VFÍ hélt tíu fundi á starfsárinu og voru meðal annars tekin til umfjöllunar mál er vörðuðu undirbúning kjaraviðræðna, kjarasamninga, úrlausn einstaklingsmála, uppsagnir, skipun í samninganefndir og kjarakönnun.

Í janúar 2020 var undirrituð framlenging á kjarasamningi við ríkið en samningurinn hafði verið laus síðan í apríl 2019.

Félag tæknimanna hjá Landsvirkjun samdi við fyrirtækið í febrúar 2020.

Í mars var undirritaður kjarasamningur við Orkuveitu Reykjavíkur.

Í júní voru undirritaðir kjarasamningar við Rarik og Reykjavíkurborg og gerður stofnanasamningur við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Í júlí var undirritaður kjarasamningur við Samninganefnd sveitarfélaganna og gerður stofnanasamningur við Rannís.

Í nóvember var gerður stofnanasamningur við Lyfjastofnun.

Samningaviðræður hafa staðið yfir á árinu á milli félagsmanna VFÍ og Landsnets en viðræðurnar sigldu í strand um mitt ár og var þeim vísað til sáttasemjara. Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur félagsins hefur aðstoðað samninganefnd Landsnets í kjaraviðræðunum ásamt starfsmönnum Kjarasviðs.

Þeir félagsmenn sem sitja í samninganefndum fyrir félagið eiga miklar þakkir skildar fyrir sitt vinnuframlag.

Eins og gefur að skilja var ekki mikið um heimsóknir félagsmanna á skrifstofu félagsins á árinu 2020 eftir að Covid-19 faraldurinn kom upp. Samskipti við félagsmenn fóru mest megnis fram í gegnum síma, með tölvupósti og notkun fjarfundabúnaðar. Faraldurinn hefur ekki haft mikil áhrif á þjónustu Kjarasviðs þó svo að á tímabili hafi starfsmenn skipst á að vinna að heiman.

Ýmis námskeið voru haldin og voru flest í gegnum fjarfundaforrit eða í vefútsendingu. Meðal annars voru haldin námskeið í launaviðtölum, atvinnuleit, orkustjórnun, tímastjórnun, svefnráðgjöf og andlegu heilbrigði. Reynt er að hafa námskeiðin fjölbreytt og halda þau reglulega. Námskeiðin standa öllum félagsmönnum til boða, og meginreglan er að þau séu ókeypis.

Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir hóf störf hjá VFÍ í maí 2020 sem fulltrúi á sviði kjaramála.

Áfram var unnið að innleiðingu starfafflokkunarkerfis í tengslum við kjarasamninga við Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Innleiðing starfsmats nær til félagsmanna VFÍ en einnig félagsmanna í Stéttarfélagi tölvunarfræðinga (ST) og Stéttarfélagi byggingafræðinga (SFB) á grundvelli þjónustusamnings við VFÍ. Vinna við gerð starfsmatsins heldur áfram þar sem sífellt er verið að meta ný störf og endurmeta eldri störf.

Drjúgur hluti af daglegri vinnu starfsmanna Kjarasviðs VFÍ felst í því að svara fyrirspurnum einstaklinga, innlendra sem erlendra, sem leita til félagsins með margvísleg vandamál. Til dæmis er

veitt ráðgjöf vegna starfslokasamninga, uppsagna, ráðingarsamninga og túlkana ákvæða í þeim, svarað fyrirspurnum frá launafulltrúum og höfð samskipti við trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum.

Töluvert hefur verið um álitamál vegna veikindaréttar og ávinnslu orlofs. Einnig hafa margar fyrirspurnir borist varðandi styttingu vinnuvikunnar. Í tengslum við Covid-19 faraldurinn hefur mikið verið spurt um útfærslu á hlutabótaleið ríkisstjórnarinnar.

Á síðustu árum hefur orðið talsverð aukning á beiðnum til félagsins um veitingu umsagna vegna umsókna erlendra verkfræðinga og tæknifræðinga um atvinnuleyfi hér á landi.

Lögfræðiaðstoð við félagsmenn er mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins. Erindum sem hefur verið vísað til lögfræðings hefur fjölgað þó nokkuð milli ára í takt við vaxandi fjölda félagsmanna en einnig hafði Covid-19 faraldurinn áhrif. Kostnaður vegna lögfræðiaðstoðar hækkaði um 50% á milli ára og fór úr u.þ.b. 10 milljónum í um 15 milljónir króna.

Stór hluti af starfsemi félagsins felst í rekstri kjarasjóða sem eru Sjúkrasjóður (almennur markaður), Styrktarsjóður (opinbermarkaður), Starfsmenntunarsjóður (almennur markaður) og Vísinda- og starfsmenntunarsjóður (opinber markaður) og Orlofssjóður.

Full ástæða er til að hvetja félagsmenn til að kanna réttindi sín í fyrrgreindum sjóðum sem tengjast aðild að mismunandi kjarasamningum. Nánar er fjallað um starfsemi sjóðanna á öðrum stað í skýrslunni og eins og sjá má eru sjóðir VFÍ öflugir og rekstur þeirra traustur.

Skýrsla Styrktarsjóðs VFÍ 2020

Stjórn Styrktarsjóðs VFÍ starfsárið 2020-2021:

Auður Ólafsdóttir
 Hulda Guðmundsdóttir
 Hermann Ólason
 Bjarni Bentsson
 Hreinn Ólafsson


Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga og starfsmenn opinberra hlutafélaga sem félagið gerir kjarasamninga við. Fjöldi sjóðfélaga er 814 þar af eru félagar í VFÍ 708 og aðrir 106. Veittir voru 678 styrkir alls sem er 6% fækkun milli ára.

Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins námu 74,96 mkr. og hækkuðu um 30,5% milli ára. Þessi hækking iðgjalda skýrist að mestu af hækkingu iðgjalds í kjarasamningi við Ríkið. Þar fór iðgjaldið úr 0,55% af launum í 0,75%. Styrkir námu 46,6 mkr. Rekstrargjöld voru um 8,7 mkr. Gjöld umfram tekjur námu 21,3 mkr. og


óráðstafað eigið fé í árslok 2020 var 71,4 mkr. Frá og með áramótum 2018-2019 hafa gilt nýjar úthlutunarreglur sem miða að því að tryggingabætur, dagpeningagreiðslur og fæðingarstyrkir skerðist ekki en aðrir styrkir eru greiddir út sem hlutfall af greiddu iðgjaldi hvers sjóðfélaga. Hlutfall styrkja af iðgjöldum var 62,7% árið 2020. Viðvarandi halli á rekstri sjóðsins hefur nú verið réttur af. Þess ber að geta að iðgjöld sjóðfélaga eru mismunandi; lægst 0,75% af launum og hæst 1% af launum.

Fjöldi greiddra styrkja úr styrktarsjóði VFÍ




Á árinu 2020 var gert átak í ristilspeglun og áhættumati hjá Hjartavernd fyrir sjóðfélaga. Alls fóru 8 í ristilspeglun og 46 í áhættumat hjá Hjartavernd.

Lykiltölur Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ



Sjóðfélagar Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ



Rekstrarreikningur

	2020	2019
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	74.956	57.448
<i>Rekstrartekjur alls</i>	74.956	57.448
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsókn	46.602	53.035
Umsýslukostnaður	7.496	5.745
Annar kostnaður	1.250	1.191
<i>Rekstrargjöld alls</i>	55.348	59.971
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	19.608	-2.523
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	1.695	1.846
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	21.303	-677

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2020

	2020	2019
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir	10.497	
Handbært fé	63.780	55.705
	74.277	55.705
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	71.382	50.078
Skammtímaskuldir	2.895	5.627
	74.277	55.705

Skýrsla Sjúkrasjóðs VFÍ 2020

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2020 til 2021:

Hulda Björg Þórisdóttir
Halldór Árnason
Björgvin Áskelsson
Helgi Baldvinsson
Þór Hallgrímsson

Sjóðfélagar eru félagsmenn á FRV verkfræðistofum og félagsmenn á almennum markaði auk annarra sem tilheyra félögum sem eru með þjónustu-samning við VFÍ.

Á síðastliðnu ári voru veittir 3384 styrkir sem er 1% fækkun frá árinu áður.

Sjóðfélagar voru 2697 í árslok 2019 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Þar af voru félagar í VFÍ 2752 en aðrir 507


Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins 2020 námu 326,1 mkr. sem er 3,8% hækkun frá 2019. Styrkir námu rúmum 323,3 mkr og hækka um 1,9% milli ára. Rekstrargjöld voru 34,5 mkr.

Styrkir sem hlutfall af iðgjöldum voru 99,1% en 100,9% árið áður. Fjáreignatekjur voru háar 2020 þó þær hefðu lækkað frá árinu áður og voru 57,0 millj.

Stjórn sjóðsins mun láta gera tryggingafræðilega úttekt en ekki er ástæða að svo stöddu að skerða styrki.

Sjóðfélagar Sjúkrasjóðs VFÍ




Rekstrarreikningur


	2020	2019
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	326.132	314.244
<i>Rekstrartekjur alls</i>	326.132	314.244
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsóknir	323.316	317.206
Umsýslukostnaður	32.613	31.424
Annar kostnaður	1.891	1.814
<i>Rekstrargjöld alls</i>	357.820	350.444
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	-31.688	-36.200
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	57.009	64.757
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	25.321	28.557

Á árinu 2020 var gert átak í ristilspeglun og áhættumati hjá Hjartavernd fyrir sjóðfélaga. Alls fóru 22 í ristilspeglun og 101 í áhættumat hjá Hjartavernd.

Fjöldi greiddra styrkja úr Sjúkrasjóði VFÍ



Lykiltölur Sjúkrasjóðs VFÍ



Efnahagsreikningur

	2020	2019
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	41.273	36.066
Verðbréf	813.985	759.672
Handbært fé	177.636	216.016
	1.032.894	1.011.754
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	1.024.232	998.911
Skammtímaskuldir	8662	12.843
	1.032.894	1.011.754

Fjöldi greiddra styrkja Sjúkrasjóðs

Ár	Fjöldi styrkja	% aukning
2011	553	56,7
2012	759	37,3
2013	789	4,0
2014	839	6,3
2015	1276	52,1
2016	1424	11,6
2017	2160	51,7
2018	2634	21,9
2019	3417	29,7
2020	3384	-1,0

Skýrsla Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs 2020

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2020-2021 skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ, ríkisins og Reykjavíkurborgar:

Geir Guðmundsson, VFÍ
Óli Jón Hertervig, VFÍ
Ásdís Ásbjörnsdóttir, f.h. Rvk. borgar
Einar Mar Þórðarson, f.h. fjármálaráðherra

Vísindasjóður VFÍ byggir á samkomulagi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og við Reykjavíkurborg frá 1989. Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og stofnana og opinberra hlutafélaga, í eigu ríkisins auk sveitarfélaga sem eiga rétt á að greitt sé fyrir þá í sjóðinn.

Almennt er iðgjaldið 1,72% af dagvinnulaunum.

Þess ber að geta að með nýjum kjarasamningi félagsins við Reykjavíkurborg var hætt að greiða í sjóðinn og er unnið að uppfjöri réttinda vegna þeirra sjóðfélaga sem þar starfa.

Á árinu 2016 var úthlutunarreglum breytt þannig að svokölluð biðtímaregla var felld niður.

Þá eru styrkir til tölvukaupa ekki lengur tengdir rétti til annarra styrkja.

Iðgjöld 2020 námu 134,9 mkr. Heildarupphæð styrkja var 45,7 mkr.

Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2020 er eftirfarandi: 183 umsóknir til náms,

Rekstrarreikningur

	2020	2019
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	134.923	123.064
Iðgjöld starfspróunarsjóðs	5.756	4.224
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>140.679</u>	<u>127.288</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	45.725	46.140
Umsýslukostnaður	14.068	12.729
Annar kostnaður	642	1.845
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>60.435</u>	<u>60.714</u>
Hagnaður án fjármagnsliða	80.249	66.574
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	6.317	10.263
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>86.561</u>	<u>76.837</u>

námskeiða og ráðstefnuferða, 95 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals 278 umsóknir sem er lítilleg fjölgun á milli ára.

Alls var greitt fyrir 738 einstaklinga til sjóðsins árið 2020. Þar af voru félagar VFÍ sem greitt var fyrir 638 og aðrir 100.


Gerður var samningur við Dale Carnegie þess efnis að greiða niður þátttökugjöld sjóðfélaga á námskeiðum gegn afslætti frá fyrirtækinu.

Áfram verður unnið að kynningu á sjóðnum og væntanlega mun umsóknum um styrki fjölga verulega þegar samkomutakmörkunum vegna Covid19 mun verða aflétt.


Efnahagsreikningur

	2020	2019
<i>Eignir</i>		
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	18.306	11.651
Handbært fé	534.367	455.279
	<u>552.673</u>	<u>466.930</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	551.929	465.368
Skammtímaskuldir	744	1.562
	<u>552.673</u>	<u>466.930</u>


Sjóðfélagar
Vísindasjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr
Vísindasjóði VFÍ



Lykiltölur
Vísindasjóðs VFÍ



Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2020


Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2020-2021 skipuð eftirtöldum fulltrúum

Kristinn Steingrímsson, formaður
 Heiða Njóra Guðbrandsdóttir
 Linda Rós Birgisdóttir

Starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir í grunninn á kjarasamningi félagsins við Samtök atvinnulífsins frá árinu 2011. Iðgjald í sjóðinn er 0,22% af launum. Við sameiningu VFÍ og TFÍ voru samdar starfsreglur fyrir sjóðinn og undir lok árs 2017 var byrjað að taka á móti umsóknum og í byrjun árs 2019 hófust greiðslur á styrkjum úr sjóðnum. Árið 2020 var því annað árið sem styrkir voru greiddir. Á því ári voru alls voru greiddir út 190 styrkir að upphæð 11,4 mkr. Það er aðeins 20% af iðgjöldum ársins. Gera þarf gangskör í að kynna sjóðinn fyrir sjóðfélögum. Eigið fé sjóðsins var í lok árs 2019 kr. 235,5 mkr. Sjóðfélagar í lok ársins 2020 voru 2020 þar af 1570 félagi í VFÍ og aðrir 450. Sjóðfélögum fjölgaði um 3,9% milli ára.

Gerður var samningur við Dale Carnegie þess efnis að greiða niður þátttökugjöld sjóðfélaga á námskeiðum gegn afslætti frá fyrirtækinu.

Lykiltölur
Starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Rekstrarreikningur

	2020	2019
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	56.990	54.532
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>56.990</u>	<u>54.532</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	11.374	9.754
Umsýslukostnaður	2.849	2.726
Annar kostnaður	509	317
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>14.732</u>	<u>12.797</u>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	42.258	41.735
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	1.276	3.840
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>43.534</u>	<u>45.575</u>

Áfram verður unnið að kynningu á sjóðnum og væntanlega mun umsóknum um styrki fjölga verulega þegar samkomutakmörkunum vegna Covid19 mun verða aflétt.

Efnahagsreikningur

	2020	2019
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	8.060	7.082
Handbært fé	224.457	182.042
	<u>232.517</u>	<u>189.124</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	232.517	188.983
Skammtímaskuldir	0	141
	<u>232.517</u>	<u>189.124</u>

Skýrsla Orlofssjóðs VFÍ 2020

Stjórn Orlofssjóðs VFÍ árið 2019-2020:

Margrét Edda Ragnarsdóttir
Sveinn V. Árnason
Kristján Sturlaugsson
Helgi Páll Einarsson

Orlofssjóður VFÍ, áður SV, hefur starfað frá 1997 og sumarið 2021 verður tuttugasta og þriðja sumarið sem úthlutað er til félagsmanna.

Félagar í orlofssjóðnum eru félagsmenn í VFÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn og aðrir í félögum sem skrifstofan þjónustar og greitt er fyrir.

Sjóðurinn á fimm orlofshús, þrjú í Hraunborgum í Grímsnesi, eitt í Árnesi, eitt í Húsafelli en þar á sjóðurinn tvær lóðir og unnið er að undirbúningi við að byggja hús á þeim. Þá á sjóðurinn íbúð í Sómatúni á Akureyri. Í Garðabæ leigir sjóðurinn íbúð sem er framleigð til sjóðfélaga allt árið og fjögur orlofshús í Klapparholti í Borgarfirði. Sumarið 2019 var auk þess boðið upp á íbúð á Ísafirði, orlofshús að Hrísum í Eyjafirði, hús í Vopnafirði og að Staffelli á Austurlandi. Auk þess leigir sjóðurinn út tjaldvagn til sjóðfélaga og selur niðurgreidda hótelmiða árið um kring.

Umsóknir um sumarúthlutun 2019 voru 286 og tókst að úthluta 181 gistingum í húsum og tjaldvagni. Auk þess var sjóðfélögum úthlutað miðum fyrir hótलगgingu. Umsóknum fækkaði nokkuð milli ára annað árið í röð.

Alls var greitt fyrir 3121 einstaklinga til sjóðsins á árinu 2019. Félagar VFÍ sem greitt var fyrir eru 2505 en aðrir sjóðfélagar eru 616. Heildariðgjaldagreiðslur á árinu voru 85,7 mkr og leigutekjur voru tæpar 16 mkr.


Rekstrarreikningur

	2020	2019
<i>Rekstrartekjur</i>		
lðgjöld	93.511	85.703
Leigutekjur	17.443	15.988
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>110.954</u>	<u>101.691</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Leigukostnaður	41.191	35.492
Rekstur orlofshúsa	12.863	11.391
Umsýslukostnaður	13.315	12.203
Annar kostnaður	4.701	4.885
Fyrning sumarhúsa ofl.	8.525	9.069
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>80.595</u>	<u>73.040</u>
Hagnaður/tap/ án fjármagnsliða	30.539	28.651
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	-58	173
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>30.301</u>	<u>28.824</u>


Efnahagsreikningur

	2020	2019
<i>Eignir</i>		
<i>Fastafjármunir</i>		
Sumarhús	143.840	152.365
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	13.199	10.535
Handbært fé	69.267	33.497
	<u>226.306</u>	<u>196.397</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	224.259	193.957
Skammtímaskuldir	2.047	2.440
	<u>226.306</u>	<u>196.397</u>

Sjóðfélagar Orlofssjóðs VFÍ



Lykiltölur Orlofssjóðs VFÍ



Öldungadeild VFÍ

Starf deilda VFÍ á starfsárinu 2020 – 2021 litaðist mjög af Covid-19 og sífelldum breytingum á samkomutakmörkunum. Erfitt var því að skipuleggja fundi nema á netinu. Þegar þetta er skrifað í aðdraganda aðalfundar 2021 eru enn takmarkanir í gangi.

Skýrsla stjórnar ÖVFÍ um starf deildarinnar frá aðalfundi VFÍ 26. maí 2020 til aðalfundar VFÍ 29. apríl 2021.

Á stofnfundinum 27. marz 2019 voru kosnir í stjórn til tveggja ára þeir Pétur Stefánsson, formaður, Páll Sigurjónsson, Bergþór Þormóðsson, Steinar Friðgeirsson og Magnús Bjarnason. Þetta er því síðara ár þessarar stjórnar.

Á tímabilinu frá síðasta aðalfundi VFÍ hafa verið haldnir fimm stjórnarfundir. Tveir þeirra með samskiptum á netinu. Áætlaðir voru félagsfundir, ferðalög og skoðunarferðir en allar slíkar samkomur voru felldar niður vegna takmarkana sótt- varnaryfirvalda.

Aðalfundur ÖVFÍ var haldinn 18. júní 2020. Á fundinum var lögð fram skýrsla stjórnar og var hún rædd og samþykkt. Að öðru leyti voru ekki önnur úrlausnarefni, þar sem stjórnin var þegar kjörin fyrir næsta ár.

Að fundarstörfum loknum flutti Árni Bragason landgræðslustjóri erindi um stöðu landgræðslu á Íslandi. Hann ræddi hann í því sambandi tengsl landgræðslu og losun góðrúsalofttegunda og skuldbindingar Íslands samkvæmt alþjóðasáttmálum um losun þessara lofttegunda.

Áætlað er að halda aðalfund ÖVFÍ 12. maí 2021.

Stjórnin stefnir að því að undirbúa svipaða stefnu fyrir næsta ár eins og áætluð var fyrir 2020 til 2021, þó þannig að ný stjórn, sem verður kjörin á næsta aðalfundi hafi frjálsar hendur um breytingar og framkvæmd hennar.

F.h. stjórnar Öldungadeildar VFÍ.

Pétur Stefánsson, formaður.

Magnús Bjarnason, ritari.

Staða fagdeilda

Nú eru starfandi innan VFÍ: Byggingarverkfræðingadeild, Efnaverkfræðideild, Rafmagnsverkfræðingadeild og Vélaverkfræðingadeild. Síðastliðin ár hefur verið rólegt yfir starfsemi deildanna. Á því eru ýmsar skýringar. Til dæmis sú að skipulag funda og viðburða er nú meira á vegum skrifstofunnar en var hér í eina tíð. Fyrir liggur að endurmeta starf fagdeildanna. Ekki tókst að hefja það verkefni á starfsárinu vegna Covid-19.

Segja má að skipulag fagdeilda VFÍ sé barn síns tíma og endurspeglar ekki hve fjölbreyttur starfsvettvangur verkfræðinga og tæknifræðinga er í dag. Einnig er rétt að líta til breyttra námsleiða og nýrra námgreina í háskólunum. Þá hefur verið nefnt að vænlegra sé að ná til félagsmanna með faghópum sem vinna að málum sem tengjast áhuga- og starfssviðum þeirra. Áhugahópur um rafbíla á facebook er dæmi um slíkt.

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Tilgangur deildarinnar er að vera vettvangur stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar og sinna málefnum þeirra eins og segir í lögum félagsins. Félagsmenn VFÍ geta valið hvorri deildinni þeir tilheyra, enda er VFÍ ekki kjarafélag heldur deildaskipt hagsmunafélag. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eru: Páll Á. Jónsson, formaður, Bergþór Þormóðsson, Sigurður Valur Ásbjarnarson og Davíð Á. Gunnarsson, varameðstjórnandi.

Engir fundir voru á vegum deildarinnar á starfsárinu.



Starf deilda VFÍ á starfsárinu 2020–2021 litaðist mjög af Covid-19 og sífelldum breytingum á samkomutakmörkunum. Erfitt var því að skipuleggja fundi nema á netinu. Þegar þetta er skrifað í aðdraganda aðalfundar 2021 eru enn takmarkanir í gangi.

Norðurlandsdeild VFÍ

Stjórn:

Björgvin Smári Jónsson, formaður.
Stefán H. Steindórsson, gjaldkeri.
Víðir Bjarkason, ritari.

Jón Pétur Indriðason.
Guðni Helgason.
Eva Hlín Dereksdóttir, varamaður.
Áki Áskelsson, varamaður.

Starf deildarinnar hefur að mestu legið niðri vegna Covid-19. Fastir liðir eins og Síldarkvöld, Haustferð og Samlokufundur féllu niður af þessum sökum. Í janúar 2020 var stjórnarfundur og átti stjórn í ýmsum samskiptum í framhaldinu vegna undirbúnings samlokufunda og aðalfundar sem voru á dagskrá vetrarins. Einn samlokufundur var haldinn í byrjun febrúar 2020 um Hjalteyrarverkefni Norðurorku og heppnaðist vel og þátttaka góð. Öllu starfi var frestað í byrjun mars 2020, meðal annars aðalfundi. Í september 2020 sammæltist stjórn um að bíða áfram með viðburði vegna COVID-19 og stendur sú ákvörðun enn þegar þetta er ritað í apríl 2021.

Austurlandsdeild VFÍ

Stjórn:

Valdimar Baldursson, formaður.
Birna Ingadóttir, varaformaður.
Aðalsteinn Þórhallsson, ritari.
Kári Óttarsson, gjaldkeri.
Björgvin Steinar Friðriksson, meðstjórnandi.
Borgþór Geirsson, varamaður.

Starf deildarinnar hefur að mestu legið niðri vegna Covid-19. Fastir liðir eins og Haustferð og þátttaka í Tækni-degi fjölskyldunnar féllu niður af þessum sökum.

Orðanefnd RVFÍ

Á árinu 2020 hélt Orðanefndin aðeins einn fund, enda var lokið umfjöllun um alla kafla í Alþjóðlega raftækniórðasafninu, IEV. Ívar Þorsteinsson óskaði eftir að láta af starfi í nefndinni vegna heilsuþrengingar.

Eftirtaldir félagar eru nú í Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga:

Jón Þóroddur Jónsson
Kristján Bjartmarsson
Ólafur Pálsson
Sigurður Briem, formaður nefndarinnar
Torfi Þórhallsson

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Ph.D. í íslenski málfræði, hefur starfað með nefndinni undanfarin ár sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál.

Sigurður Briem, formaður ORVFÍ.

Ársskýrsla Kvennanefndar

Stjórn:

Heiða Njóra Guðbrandsdóttir, formaður.
Emilía Valdimarsdóttir.
Gyða Mjöll Ingólfssdóttir.
Jóhanna Björk Pálsdóttir.
Kolbrún Reinholdsdóttir.

Kvennanefnd VFÍ hefur nú starfað innan Verkfræðingafélags Íslands í tuttugu og eitt ár. Á hvert stendur Kvennanefndin fyrir viðburðum sem ætlað er að styðja við markmið nefndarinnar, þ.e. að styrkja tengslanet kvenna, að skapa og sýna kvenfyrirmyndir og stuðla að því að konur taki jafnan þátt í tækniþróun á við og karla.

Kvennanefndin hafði hug á að fagna tuttugasta starfsári sínu sérstaklega á vormánuðum 2020. Vegna áhrifa COVID-19 faraldursins hafa þau áform ekki orðið að veruleika.

Hápunktur starfsársins er hið árlega Rósaboð þar sem Kvennanefndin býður öllum konum, sem lokið höfðu grunn-

eða framhaldsprófi í verkfræði eða tækniþræði árið áður, í veislu þeim til heiðurs. Hinum nýútskrifuðu er færð rós og þær boðnar velkomnar í hópinn. Eitt af meginmarkmiðum Rósaboðsins er að skapa fyrirmyndir og sömuleiðis að gefa nýútskrifuðum konum kost á að kynna reynslumeiri konum innan verkfræðigeirans og efla þannig tengslanet sitt.

Eins og með aðra viðburði þá féll Rósaboðið niður að þessu sinni vegna Covid-19.

Til að fræðast nánar um störf Kvennanefndar, fá upplýsingar um næstu viðburði eða til að hafa samband við stjórnarkonur bendum við á facebooksíðu nefndarinnar: www.facebook.com/kvennanefndvfi.



Viðburðir 2020-2021

Yfirlit yfir viðburði á vegum VFÍ starfsárið 2020-2021. Vegna COVID-19 faraldursins voru fáir viðburðir í Verkfræðingahúsi. Þeim mun meiri áhersla var á fjarfundi og – námskeið og var keyptur nýr og fullkominn útsendingarbúnaður sem hefur reynst vel. Stórir viðburðir eins og Dagur verkfræðinnar og Fjölskyldudagur verkfræðinnar féllu niður.

27. maí 2020

Vinnustofa um andlegt heilbrigði á tímum breytinga og óvissu.

Fyrirlesari: Helgi Héðinsson, sálfræðingur hjá sálfræði- og ráðgjafastofunni Líf og sál.

4. júní 2020

Samlokufundur: Góð ráð á tímum breytinga og óvissu.

Fyrirlesari: Katrín Kristjánsdóttir, sálfræðingur hjá sálfræði- og ráðgjafastofunni Líf og sál.

11. júní 2020

Grunnnámskeið í Teams.

Linda Dögg Guðmundsdóttir sérfræðingur í skýjalausnum hjá Sensa.

18. júní 2020

Aðalfundur Öldungadeildar VFÍ (ÖVFÍ).

Fyrirlesari: Árni Bragason, landgræðslustjóri.

28. ágúst 2020

VerkTækni golfmótið.

Haldið á Garðavelli á Akranesi.

24. september 2020

Samlokufundur: Í leit að starfi.

Fyrirlesari: Hlynur Atli Magnússon, ráðgjafi hjá Hagvangi.

7. október 2020

Landtengingar skipa og staðlar.

Vinnustofa í samstarfi við Rafstaðlaráð.

21. október 2020

Vinnustofa: Jákvæð andleg orka á tímum óvissu.

Leiðbeinandi: Hlynur Atli Magnússon, ráðgjafi hjá Hagvangi.

28. október 2020

Hver stjórnar tíma þínum?

Leiðbeinandi: Ingrid Kuhlman, framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar.

29. október 2020

Vinnustofa: Jákvæð andleg orka á tímum óvissu.

Leiðbeinandi: Hlynur Atli Magnússon, ráðgjafi hjá Hagvangi.

4. nóvember 2020

Vinnustofa: Jákvæð andleg orka á tímum óvissu.

Leiðbeinandi: Hlynur Atli Magnússon, ráðgjafi hjá Hagvangi.

26. nóvember 2020

Grunnnámskeið í Lean.

Fyrirlesarar: Margrét Ragnarsdóttir og Ásdís Kristinsdóttir hjá Gemba.

3. desember 2020

Bókakynning: Einvígi allra tíma - Queens Gambit.

Fyrirlesari: Guðmundur G. Þórarinnsson, verkfræðingur.

8. desember 2020

Árangursrík teymi og leyniráefnið.

Fyrirlestur í samstarfi við Dokkuna og Verkefnastjórnunarfélag Íslands.

Fyrirlesarar: Áslaug Ármannsdóttir og Laufey Guðmundsdóttir.

13. janúar 2021

Grunnnámskeið í Lean.

Fyrirlesarar: Margrét Ragnarsdóttir og Ásdís Kristinsdóttir hjá Gemba.

14. janúar 2021

Betri svefn – grunnstoð heilsu

Fyrirlesari: Dr. Erla Björnsdóttir.

21. janúar 2021

Þegar karlar stranda og leiðin í land.

Fyrirlesari: Sigríður Arnardóttir, ráðgjafi.

28. janúar 2021

Ljós: Heilsa og lífsgæði í manngerðu umhverfi.

Fyrirlesari: Ásta Logadóttir verkfræðingur og lýsingarsérfræðingur hjá Lotu verkfræðistofu.

10. febrúar 2021

Eitt og annað um uppsteypu meðferðarkjarna Nýja Landspítala (NLSH).

Fyrirlesarar: Ásbjörn Jónsson sviðsstjóri og Eysteinn Einarsson staðarverkfræðingur. Fundur haldinn í samstarfi við Endurmenntun HÍ og Hringbrautarverkefnið.

24. febrúar 2021

Nýi Landspítali: Rörpóstur, sorp- og líkerfi.

Fyrirlesarar: Verkefnastjórnarnir Ingólfur Þórisson og Gísli Georgsson. Fundur haldinn í samstarfi við Endurmenntun HÍ og Hringbrautarverkefnið.

10. mars 2021

Vinnuumhverfið – Hinn nýi veruleiki.

Á vegum Vinnuvistfræðifélags Íslands.

17. mars 2021

Tímabil risaverkefna er að hefjast.

Málstofa á vegum MPM námsins í HR, CORDA rannsóknasetursins og Verkfræðingafélags Íslands.


24. mars 2021

Byggjum grænni framtíð.

Fyrirlesarar: Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, sérfræðingur hjá HMS og verkefnastjóri og Sigríður Ósk Bjarnadóttir, verkfræðingur hjá VSÓ ráðgjöf hópstjóri mælingahóps.

29. apríl 2021

Aðalfundur VFÍ.



Verkfræðingafélag Íslands